

“Indland aftur í brennidepli viðskipta og fjárfestinga.”

Tækifæri í viðskiptum Íslands og Indlands

Íslensk-indverska viðskiptaráðið, Félag atvinnurekenda og utanríkisráðuneytið boða til morgunverðarfundar um tækifæri í viðskiptum Íslands og Indlands. Fundurinn verður haldinn í húsnæði Félags atvinnurekenda í Húsi verzlunarinnar kl. 8.30 – 10.00 fimmtudagsmorguninn 16. júlí.

Dagskrá



Bala Kamallakharan, formaður Indversk-íslenska viðskiptaráðsins, býður gesti velkomna.



Þórir Ibsen, sendiherra Íslands í Nýju-Delí, fjallar um stöðu og horfur í indversku efnahagslífi, þróun viðskipta- og fjárfestingaumhverfis á Indlandi, tækifæri, erfiðleika og áskoranir, reynslu annarra norrænna ríkja af Indlandsviðskiptum og leiðir til að ná fótfestu á indverska markaðinum.



Högni Kristjánsson, skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, fjallar um magn og tegund viðskipta Íslands og Indlands, áhersluríki íslenskra stjórnvalda og fríverslunarviðræður við Indland og önnur nýmarkaðsríki.



Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA og Íslensk-indverska viðskiptaráðsins, stýrir fundi.

Morgunverður er í boði á fundinum.

Að fundi loknum geta fyrirtæki og einstaklingar sem hafa áhuga á Indlandsviðskiptum bókað viðtalstíma á skrifstofu FA hjá Þóri Ibsen sendiherra, frá klukkan 10 til 13. Sendið póst á netfangið olafur@atvinnurekendur.is til að ganga frá tíma.

Skráning á fundinn er á vef FA, www.atvinnurekendur.is